

Eco-Garden ehf  
Lambhagavegi 9  
113 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2024  
UST202404-029/K.S.G.  
07.07.02

### Söluskrár 2023 fyrir notendaleyfisskyldar vörur - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 5. apríl 2024 þar sem Umhverfisstofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2023. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á ábyrgð fyrirtækja skv. 4. mgr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna en þar er kveðið á um að sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur beri ábyrgð á því að einungis handhafa gilds notendaleyfis séu afhentar slíkar vörur.

Sala á notendaleyfisskyldum vörum til einstaklinga sem ekki eru með notendaleyfi í gildi telst því vera brot á ákvæðum 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

Af kaupendum ofangreindra vara á árinu 2023 reyndist einn ekki vera með notendaleyfi í gildi. Stofnunin vísar í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu og ítrekar við fyrirtækið að uppfylla skyldur sínar skv. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Listi yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni er birtur á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/notendaleyfi-og-abyrgdarmenn/>

Nánari upplýsingar veitir Kristín Silja Guðlaugsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is).

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir,  
**sérfræðingur**

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
**sérfræðingur**

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla